

#### 4. fundur Skólaráðs 20. október 2010

**Mættir eru:** Vala Friðriksdóttir, Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Sverrir Guðmundsson, Arnór Jónsson, Sigrún María Kolbeinsdóttir og Hildur Guðjónsdóttir sem ritar fundargerð. Stella Guðrún Jóhannsdóttir og Jóhanna Guðbrandsdóttir boðuðu forföll.

- Bekkjarnámskrár skólans:** Viðhorf til bekkjarnámskráa. Skólaráðsfólk hefur kynnt sér bekkjarnámskrár skólans í sitthvoru lagi. Bekkjarnámskrár skólans eru á vef skólans [www.strandabyggd.is/grunnskolinu](http://www.strandabyggd.is/grunnskolinu). Umræður um bekkjarnámskrár. Tenging við aðalnámskrá grunnskóla. Markmið og leiðir - skólaráðsfólk talar um að það sé svolítið erfitt að setja sig inn í efni námskrána og skilja heildarmyndina. Eru foreldrar almennt að kynna sér bekkjarnámskrár? Það væri gaman að kanna það í Strandabyggð. Skólastjórnendur hyggjast kanna það. Nemandi telur að nemendur skólans lesi ekki bekkjarnámskránnar samhliða námi sínu í skólanum. Samkvæmt reglugerð um skólaráð á ráðið að taka bekkjarnámskrána út og samþykkja hana. Ráðið sammála um það að sé erfitt að gera heildarúttekt á bekkjarnámskránum þar sem reynsla og fagþekking nær ekki endilega yfir alla þætti þeirra. Gott er að hafa stefnu og áherslur í skólanum til hliðsjónar þegar leiðir að markmiðum eru metnar. Hópur innan kennarahópsins er að skoða bekkjarnámskránnar og ætlar skólaráðið að kynna sér niðurstöður hópsins og halda áfram að skoða námskránnar eftir það.
- Foreldraviðtal í lok vorannar:** Rætt um þessa viðbót sem er hugsuð til að gera vorönnina upp eins og aðrar annir skólaársins. Í því viðtali eru ekki afhentar einkunnir heldur rætt almennt um nemandann, líðan og stöðu fyrir sumarið og jafnvel næstkomandi skólaár. Niðurstöður úr nemendaviðtölunum geta nýst í því viðtali. Skólaráðið fagnar þessari viðbót.
- Foreldrafélag skólans:** Stjórnin stefnir að aðalfundi við fyrsta tækifæri þar sem kosin verður nýr ritari og gjaldkeri. Það er mikilvægt að foreldrafélagið sé virkt og sjálfstætt í vinnu sinni. Foreldrafélagið nýtur styrks og stuðnings skólans og skólastjórnenda, húsaskjól og annað.
- Foreldrahandbók skólans:** Í smíðum er handbók fyrir foreldra sem er útdráttur úr skólanámskrá og er í raun nánari útskýring á starfsáætlun og skóladagatali. Skólastjórnendur eru að uppfæra og endurvinnna skólanámskrá skólans og foreldrahandbókina samhliða og stefna að því að geta gefið hana út um áramót. Þeir benda á að það er margt hagnýtt úr henni nú þegar komið á vef skólans. Gott væri að fá skólaráðið til að fara yfir þessi rit þegar þau eru tilbúin.
- Upplýsingaflæði skólans:** Foreldrum finnst gott að fá stutta og hnitmiðaða tölvupósta heim.  
**Heimasíða skólans:** Heimasíða skólans hefur litið dagsins ljós og er hún nýtt á margan hátt t.d. til upplýsinga, fréttu, mynda og fleira. Skólaráðið lýsir yfir ánægju með það.  
**Mentor:** hvernig getum við nýtt þetta tæki betur? Það eru ýmsir möguleikar í Mentor sem tengist skólastarfinu t.d. hvað varðar bekkjarnámskrár og námsmat sem hefur ekki verið nýtt. Hvað finnst Skólaráðsfólki um það? Fólk almennt ánægt með kerfið og bæði foreldrar og nemendur nýta sér það.

6. **Þemadagar í Grunnskólanum:** Kynning á þemadögum 27. – 29. október nk. Boðið verður upp á sex smiður. Í hverri smiðu eru hópstjórar (2-4 starfsmenn) sem vinna við sömu smiðu alla þrjá dagana og halda utan um nemendahópinn sem heimsækir smiðjuna hvern dag. Allir nemendur mæta í skólann kl. 8:10 og eiga samverustund á *langa gangi* til kl. 8:30. Smiðjurnar verða í gangi frá kl. 8:30-12:40 alla þrjá dagana en á föstudag ætlum við auk þess að vera með *Opinn dag* frá kl. 13-15 þar sem við opnum skólann upp á gátt og bjóðum sem öllum sem vilja í heimsókn, opnum kaffihús, sýnum myndir og afrakstur frá smiðjunum.
7. Rætt um að hafa fjölmiðlaviku í desember þar sem verður útlarp og blaðaútgáfa sem allir nemendur koma að.
8. **Samstarf heimilis og skóla:** Rætt um samstarfið, hvernig það er og hvernig hægt sé að auka það. Skólastjóri bendir á að aðsókn foreldra á námsefniskynningar skólans hefðu getað verið betri en mæting í einstaka bekki var undir væntingum. Ræddar voru leiðir til að bæta mætingu foreldra á þessa haustfundi sem eru nýttir til að kynna skólastarfið framundan. Skólaráð er sammála um að finna leiðir til að auka þátttöku foreldra í skólastarfinu og gerir sér grein fyrir mikilvægi foreldra. Í foreldrahópnum felast kraftar sem þarf að virkja með öllum ráðum enda er foreldrasamstarf eitt öflugasta tækið til að bæta og auka gæði í skólastarfi.

**Fundi sklitið kl. 19.03.**